



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Pyts

Haldinn 25. nóvember 2020 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 20:00

**Fundinn sátu:** Árni Árkelsson (ÁÁ), Hulda Stefanía Hólm (HH), Tryggvi Jónsson (TJ), Markús Pétursson (MP), Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG).

### Dagskrá

1. Greiða atkvæði um fundargerðir

Samþykkt

2. Viðbrögð við nýrri sóttvarnareglugerð

Siglingar á kænum og kayjökum leyfilegar fyrir alla aldurshópa. Fjöldatakmarkanir í kvennakelfa miðast við einn og tvo í karlaklefa. Opið hús þar sem fólki sem ekki eru félagar er boðið að vera farþegar í Secret bátum félagsins verður óheimt. ÍSÍ spurt út í hvort félagsmenn geti siglt Secret bátum eða hvort hægt sé að skilgreina afrekshóp sem fá undanþágu.

3. Skráning afreka hjá SÍL

ÓÁ fór aðeins yfir afrekaskráningu eins og hún birtist á vefsíðu félagsins silsport.is Hann fann t.d. ekki: úrslit Íslandsmóts kjölbáta 2020, nýjasta hraðamet á leggnum Akranes-Reykjavík með forgjöf, að Garðar Jóhannsson hafi tekið þátt í nokkru einasta siglingamóti.

Ef íþrótttaafrek í siglingum eru ekki varðveitt glatast saga íþróttarinnar. SÍL mætti líta til Frjálsíþróttasamband Íslands varðandi þessi mál.

4. Svar stjórnar við máli Unnars og Guðrúnar

Sem íþróttafélag viljum við keppa í sem flestum mótum. Þátttaka í öllum þriðjudagskeppnum Brokey krefst hins vegar þess að sigla þarf til Reykjavíkur og til baka einu sinni í viku því báðir Secret bátar félagsins verða að vera til staðar í Hafnarfirði á fimmtudegi. En það er vel mögulegt og væri gaman að sjá svo mikla notkun á Secret bátunum.

Sem íþróttafélag viljum við koma í veg fyrir að það myndist hópar með forrettindi á notkun búnaðar og aðstöðu félagsins. Sem liður í því stefnum við að því að ráða yfirþjálfara. Hann mun ráða hverjir keppa fyrir hönd félagsins á báðum Secret bátum félagsins.

Ný sóttvarnareglugerð gefur tilefni til þess að vona að hægt verði að leyfa siglingar á Secret bátunum. Við þurfum að kanna hjá ÍSÍ hvort þörf sé á að skilgreina afrekshóp. Komi til þess að skilgreina þurfi afrekshóp munum við kanna hvaða félagsmenn hafi hug á að keppa fyrir hönd félagsins á næsta ári og taka mið af íþrótttaafrekasögu viðkomandi í siglingum.

Í skipulagðri starfsemi mun Pytur nota þann Secret bát sem hentar hverju sinni.

Ekki stendur til að leigja út Secret báta félagsins umfram það sem kemur fram í gjaldskrá félagsins, hvorki gegn gjaldi eða með vinnu í þágu félagsins. Ef félagsmenn vilja fara að sigla á Secret utan skipulagðrar dagskrár, þarf skipstjóri að tilkynna það á fb hópnum „Pytur – Kjölbátadeild“ með mest fimm daga fyrirvara og minnst klukkutíma fyrirvara. Í athugasemdum við tilkynninguna svara þeir sem vilja fara með. Þeir fyrstu fjórir sem svara fá



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Pyts

að fara með nema ef allir eru óvanir. Skipstjóri, einn vanur Secret háseti og einn óvanur er lágmarkskrafa.

Pytur er rekið með sjálfboðavinnu félagsmanna siglingaklúbbsins. Stjórn félagsins og formenn deilda taka t.d. ekkert fyrir sín störf og njóta ekki neinna forréttinda hvað varðar nokun á búnaði eða aðstöðu félagsins, æfingagjöldum eða annað umfram aðra félagsmenn. Ástæða þess að félagsmenn aðstoða við æfingar, mót eða annað er af ýmsum ástæðum. Það getur verið vegna þess að því finnist það áhugavert, gefandi, lærdómsríkt og/eða þroskandi að taka þátt í sjálfboðastarfi.

### 5. Smíði stiga, vatnskрана og slöngustands á flotbryggju

Til að auka öryggi og þægindi var samþykkt að setja upp stiga, vatnskрана og slöngustand á flotbryggju í umsjá Pyts í Hafnarfjarðarhöfn. Áætlaður efniskostnaður er 35 þúsund krónur.

### 6. Aðstöðunefndarmál

Ekki er sami skilningur innan stjórnar á því hvort sú aðstöðunefnd sem skipuð var á aðalfundi 2020 taki við af þeirri sem skipuð var af stjórn þann 5. nóvember 2018 eða hvort þær séu báðar virkar. Ekki er þó vitað til þess að nefndirnar hafi fundað frá aðalfundi. Ákveðið að kanna málið nánar.

### 7. Ábendingarformin

Engin.

### 8. Önnur mál

TJ og ÁÁ eru fljótlega að fara á fund með Snarfara að ræða samstarf.

Næsti stjórnarfundur boðaður 23. desember eða fyrr.

Fundi slitið klukkan 21:35